

LÖG

um

27

14. júní

breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er rétt að skipa sérstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum þessum sé hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnnum um allt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafélag Íslands að hálfu. Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og Brunabótafélagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.